

Ársreikningur RARIK fyrir árið 2020

Hagnaður RARIK minnkar um þriðjung á milli ára.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 1.781 milljón króna sem er talsvert minna en áætlanir gerðu ráð fyrir og nemur lækkunin 35% frá árinu 2019, þegar hagnaður ársins nam 2.726 milljónum króna. Reiknuð áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets voru 832 milljónir króna en þau voru 770 milljónir á árinu 2019. Heildarhagnaður að teknu tilliti til þýðingarmunar vegna hlutdeildarfélagssins og áhrifa af endurmati fastafjármuna var 5.797 milljónir króna.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 5.271 milljón króna eða 32,4% af veltu ársins, samanborið við 34,2% á árinu 2019. Handbært fé frá rekstri nam 4.303 milljónum króna.

Rekstrartekjur lækkuðu um 3% frá árinu 2019 og námu 16.268 milljónum króna og rekstrargjöld hækkuðu á milli ára um 1,5% og námu 13.470 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2020 nam 2.798 milljónum króna sem er 20% lækkun frá fyrra ári. Veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, verðbólga á árinu og lægri tekjur af skammtímaávöxtum gerðu það að verkum að fjármagnsliðir voru talsvert óhagstæðari en árið 2019. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur námu 1.612 milljónum króna, en á árinu 2019 námu þau 1.059 milljónum króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir RARIK í árslok 78.854 milljónir króna og hækkuðu um 10.548 milljónir króna á milli ára. Heildarskuldir námu 29.132 milljónum króna og hækkuðu um 4.752 milljónir króna frá fyrra ári. Eigið fé var 49.722 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall því 63,1% samanborið við 64,3% í árslok 2019. Fjárfestingar ársins að frádregnu söluandvirði seldra rekstrarfjármuna námu 7.475 milljónum króna, sem er 1.963 milljónum króna meira en árið á undan.

Tekjur samstæðunnar lækkuðu á milli ára vegna minni raforkusölu og lægri tekna af tengigjöldum, en einnig varð lítilsháttar samdráttur í tekjum af dreifingu. Í ársbyrjun varð tjón á rafdreifikerfi RARIK vegna óveðurs sem gekk yfir landið og hafði það í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir fyrirtækið. Í kjölfar þess samþykkti stjórn að hraða endurnýjun dreifikerfisins á árinu.

Kórónuveirufaraldurinn hafði töluverð áhrif á starfsemi samstæðunnar á árinu einkum hvað varðar vinnutilhögun starfsmanna. Félagið metur það svo að fjárhagsleg áhrif af heimsfaraldrinum hafi þó ekki verið veruleg. Vegna faraldursins ákváðu stjórnvöld hins vegar að hefja vinnu til að flýta uppbyggingu dreifikerfisins sem mun koma til framkvæmda á árunum 2021-2025. Í árslok 2020 var hlutfall jarðstrengja í dreifikerfi RARIK komið í tæp 70%.

Á árinu keypti RARIK raforkudreifikerfi Rafveitu Reyðarfjarðar og jafnframt keypti dótturfélagið Orkusalan raforkusölu og raforkuframléiðslu Rafveitu Reyðarfjarðar. Þá var jarðhitaveita á Hornafirði tekin í notkun í árslok 2020 sem leysir af hólmi fjarvarmaveitu á Höfn sem þar var rekin.

Stjórn RARIK leggur til við aðalfund að greiddar verði 310 milljónir króna í arð til eiganda fyrirtækisins, sem er Ríkissjóður Íslands.

Samstæðuársreikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

Þrátt fyrir að áhrif Kórónuveirufaraldurs vari enn eru horfur í rekstri RARIK á árinu 2021 góðar. Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins af reglulegri starfsemi samstæðunnar verði heldur meiri en á árinu 2020, en að fjárfestingar dragist saman á milli ára, einkum vegna minni framkvæmda við hitaveitur, en áfram verður unnið að uppbyggingu og endurnýjun rafdreifikerfis samstæðunnar.

Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, allar fjárhæðir í milljónum króna.

	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Rekstartekjur	16.268	16.777	16.637	14.886	14.670	13.252	12.521	11.793	11.412
Rekstrargjöld	13.470	13.276	13.022	11.884	11.399	10.755	9.513	9.108	8.428
Rekstrarhagnaður	2.798	3.501	3.615	3.002	3.271	2.497	3.008	2.684	2.984
Hrein fjármagnsgjöld	-1.612	-1.059	-1.274	-706	-293	-850	-748	-867	-1.282
Áhrif hlutdeildarfélags	832	770	909	670	-344	903	847	491	180
Hagnaður fyrir skatta	2.018	3.212	3.250	2.966	2.634	2.550	3.107	2.309	1.882
Tekjuskattur	-237	-486	-469	-459	-594	-330	-446	-362	-341
Hagnaður	1.781	2.726	2.781	2.507	2.040	2.220	2.661	1.947	1.541
Eignir samtals	78.854	68.306	65.953	58.465	57.722	57.751	48.536	46.787	44.569
Eigið fé	49.722	43.926	41.132	37.730	36.134	35.623	29.495	27.144	25.507
Skuldir	29.132	24.380	24.821	20.735	21.588	22.128	19.041	19.643	19.062
Handbært fé frá rekstri	4.303	4.307	3.755	3.952	3.487	3.587	3.837	3.541	3.257
Greidd vaxtagjöld	689	734	667	625	727	741	649	657	630
EBITDA	5.271	5.740	5.569	4.767	5.066	4.151	4.719	4.300	4.351
Vaxtaþekja	7,65	7,82	8,35	7,63	6,97	5,60	7,27	6,54	6,91
Eiginfjárhlutfall	63,1%	64,3%	62,4%	64,5%	62,6%	61,7%	60,8%	58,0%	57,2%
EBITDA/Velta	32,4%	34,2%	33,5%	32,0%	34,5%	31,3%	37,7%	36,5%	38,1%

Ársreikningur RARIK 2020 var samþykktur á fundi stjórnar þann 24. febrúar, 2021 og heimilaði stjórn birtingu hans í Kauphöll Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK í síma 528-9000.